

Samþykkt um gerð fræðslumynda

Sjötta þing KÍ haldið 1.- 4. apríl 2014 beinir því til stjórnar KÍ að skoða möguleika á því að búa til fleiri fræðslumyndbönd fyrir félagsmenn á kjörtímabilinu 2014-2018. Fræðslumyndbönd má nýta til að koma fræðsluefni á framfæri m.a. um félagsleg og fagleg málefni, starfsumhverfi og líðan í starfi. Stjórnendur eru hvattir til að nýta myndböndin til fræðslu og umræðu fyrir starfsmenn. Leitað verði eftir hugmyndum til félagsmanna um efni myndbanda.

Greinargerð:

Vorið 2013 birti KÍ á heimasíðu sinni átta fræðslumyndbönd um fagleg málefni, starfsumhverfið og líðan í starfi. Myndböndin voru unnin í samstarfi vinnuumhverfisnefndar, jafnréttisnefndar og Síðaráðs KÍ.

Markmið verkefnisins voru:

- Að koma fræðslu til félagsmanna um fagleg mál, starfsumhverfið og líðan í starfi.
- Að auka fagvitund og þekkingu á áhrifum starfsumhverfisins á vinnu og líðan.
- Að auka virkni og umræður um fagleg mál og starfsumhverfið.
- Að bæta vefsíðu KÍ og auka þar með notkun félagsmanna á henni.

Efnistöð áttu að höfða til kennara og stjórnenda í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum og þær upplýsingar sem komu fram voru bæði hagnýtar í starfi ásamt því að vera hverjum og einum gagnlegar persónulega.

Myndböndin voru:

- *Hamingjusamir kennarar eru góðir kennarar.* Viðmælandi: Anna Jóna Guðmundsdóttir, mannauðsráðgjafi og framkvæmdastjóri Auðnu.
- *Samskipti á vinnustað og góður vinnufélagi.* Viðmælandi: Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur.
- *Ólík framkoma kennara gagnvart stelpum og stráku.* Viðmælandi: Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, framhaldsskólakennari og forkona jafnréttisnefndar KÍ.
- *Kulnun og streita.* Viðmælandi: Einar Gylfi Jónsson, sálfræðingur.
- *Erfiðar aðstæður og erfiðir einstaklingar.* Viðmælandi: Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur.
- *Persónusjálfi og faglegt sjálf.* Viðmælandi: Einar Gylfi Jónsson, sálfræðingur.
- *Vinnuvistfræði - Líkamsbeiting og vinnustellingar.* Viðmælandi: Gunnhildur Gísladóttir, iðjuþjálfari M.Sc.
- *Raddvernd og ráð til að draga úr raddþreytu.* Viðmælandi: Valdís I. Jónsdóttir, raddmeinafræðingur.

Í febrúar 2014 var búið að horfa alls rúmlega 7.000 sinnum á fræðslumyndböndin á vef KÍ og á vefnum www.youtube.com. Maríanna Friðjónsdóttir, kvikmynda- og dagskrárgerðarkona, vann verkið fyrir KÍ. Kostnaður við hvert myndband var um 250.000 kr. þ.m.t. laun til sérfræðings, förðun, upptaka og öll tækni- og vefvinnsla. Ef haldið yrði áfram með gerð slíkra myndbanda væri eflaust hægt að draga úr kostnaði pr. myndband þar sem ákveðin grunnvinna hefur verið gerð og reynsla komin á framkvæmdina.

Það er mat vinnuumhverfisnefndar að gerð fræðslumyndbandanna hafi tekist vel til og að áhorf á þau sé afar viðunandi. Fræðslumyndbönd eru góð leið til að koma efnismiklum upplýsingum á framfæri á einfaldan og þægilegan máta. Hægt er að sækja upplýsingarnar hvenær sem viðkomandi hentar og erindi sérfræðingsins er einfalt, markvisst og persónulegt.